



## 0 ALMENNT

- 0.1 Blaðið lýsir almennri parketlögn en nær ekki til sértílfella eins og íþróttagólfa. Gólfhitun undir parketi er ekki ráðleg.
- 0.2 Undirlagið getur verið ráðandi um það hvernig verkið er framkvæmt og jafnvel við val á mynsturgerð. Sé herbergi óreglulegt í laginu er heppilegt að velja parketgerðir sem ekki draga athyglina að slíkum séreinkennum.
- 0.3 Skóhljóðseinangrun og ómtími í íbúðarhúsnæði, hótelum, skólum o.s.frv. eru í flestum tilvikum nægileg fyrir steypar plötur ef lagt er á steypa plötu með t.d. korkmulningspappa á og platan er minnst 180 mm þykk.
- 0.4 Vísa má til eftirfarandi heimilda um parketgólf:
- Norskur staðall (NS 3420) Beskrivelsetekster for bygg og anlegg.
  - Norskur staðall (NS 192 B) Parkettstav av massiv eik.  
Dimensjoner og sorteringsregler.

## 1 EFNI

### 1.1 PARKET


Parket fæst bæði lagskipt og úr gegnheilum viði. Lagskipt parket hefur slitlag úr barr- eða laufviði, sem með eða án fúgu hylur allt borðið. Æðarnar í undir- og yfirlagi eiga að vera samsíða en millilag parketsins hafa trefjastefnu þvert á þær.

Gegnheilt parket er samkvæmt norskum reglum (NS 192 B) flokkað í þrjá flokka. Parket í fyrsta flokki verður að vera kvistlaust og laust við aðra galla í yfirborði, en í 2. og 3. flokki má slíkt vera í mismiklum mæli. Við afhendingu skal rakastig parketsins helst vera  $7\% \pm 1\%$ .


Tilsvarandi staðall er ekki fyrir hendi fyrir lagskipt parket. Eðlilegt er þó að gera tilsvarandi kröfur um hámarksraka.

#### 1.1.1 PARKETSTAFIR


Til er parketgerð úr gegnheilum viði sem framleidd er í ákveðnum lengdum í heilum margfeldum af breiddinni. Parketstafi má leggja í ýmsum mynstrum (sjá mynd 1.1.1). Þeir eru réttir af og alheflaðir. Leggja verður þá á slétt og þétt undirlag. Lagning parketstafa er tímafreakari en lagning annarra parketgerða. Val á mynstri hefur mikil áhrif á vinnuafköstin.




Fiskbeinsmynstur



Tígulsteinsmynstur



Reitamynstur




Reitamynstur, hornalínulagt

#### Mynd 1.1.1

Mynsturgerðir við lagningu parketstafa

Þessi parketgerð er sjaldgæf hérlendis en gefur hugmyndaríkum notanda nærri ótakmarkaða möguleika á að skapa eigið gólfmynstur.


- 1.1.2 Parketstafir eru framleiddir úr gegnheilum viði í mismunandi lengdum og alheflaðir. Þá má leggja á gólfbita, lektur eða undirgólf (sjá mynd 1.1.2). Þykkt parketsins ræður því hve þétt gólfbitar eða lektur eru lögð. Ef meira en c/c 0,4 m eru á milli undirstöðupunkta, skal skeyta stafina saman ofan á þeim.



#### Mynd 1.1.2


Dæmi um lagningarmynstur fyrir parketstafi

- 1.1.3 Lagparket (Lamellparket) er alheflað og lagt í mismunandi lengdum á bita eða grindur. Sjá mynd 1.1.3. Fjarlægð frá miðju á miðju er háð þykkt parketsins. Þegar lagparket er þunnt er það lagt sem fljótandi gólf eða fest á þétt og slétt undirlag.




**Mynd 1.1.3**  
Dæmi um mynstur fyrir lagparket

1.1.4 Parket sem lagt er í reiti er oftast lagskipt og myndar ferningslaga reiti þannig að einstaka viðarstafir ná yfir hvern reit, sjá mynd 1.1.4. Slíkt parket er alheflað og ætlað á jafnt undirlag.



**Mynd 1.1.4**  
Dæmi um parket sem lagt er í reiti

1.1.5 Mósaíkparket er samsett úr gegnheilum, stuttum viðarstöfum sem eru límdir á undirlagspappa og mynda stórar parketeiningar með ákveðnu mynstri, venjulega reitamynstri, sjá mynd 1.1.5.




**Mynd 1.1.5**  
Dæmi um mynstur mósaíkparkets

Algengt er að mósaíkparket sé í plötum, 320x640 mm, sem settar eru saman úr 8 smáum ferningum. Viðarstafirnir eru óháðir hver öðrum. Parket af þessari gerð krefst vel afréttis undirlags.

1.1.6 Venjulegar stærðir parkets eru:

	lengd mm	breidd mm	þykkt mm
Stafaparket	200-500	40-70	14-20
Parketfjalir	> 500	40-70	10-23
Lamellparket	400-4800	129-210	9-25
Reitaparket	200-300	200-300	10-15
Mósaíkparket	100-160	20-30	6-8

Norskir staðlar (NS 192 B) sýna hvernig heppilegt þversnið á að vera fyrir gegnheila parketstafi. Þar eru sýndar fjarlægðir frá yfirborði parkets til tappa og nótar. Að öðru leyti er þversniðsgerðin frjáls, lögun tappa og nótar getur verið mismunandi. Norskt parket fylgir þó oft annarri hvorri gerðinni, sjá mynd 1.1.6.



**Mynd 1.1.6**  
Parketþversnið með tappa og nót.  
Við neðra borðið falla einingarnar ekki alveg saman

## 1.2 NAGLAR

Parket skal negla við bita, grindur eða undirgólf með heitgalvaniseruðum saum. Heppilegar nagla-stærðir eru:

23 mm parket:	naglar	25/65	með dúkkuðum haus
20 mm	"	22/55	"
15 mm	"	20/50	"
< 15 mm	"	17/35	"

## 1.3 LÍM

Pegar um er að ræða stafa- eða mósaíkparket, sem líma á niður er ráðlegt að fylgja leiðbeinendum parketframleiðandans. Við samlímingu tappa í nót má t.d. nota PVA-lím.

## 2 UNDIRBÚNINGUR


### 2.1 SKIPULAGNING

Skipuleggja skal vinnuna í hverju einstöku herbergi og taka mið af lögun herbergisins og efnisstærðum, þannig að sem minnst efni fari til spillis.

#### 2.1.1 FERHYRNINGSLAGA EININGAR

Pegar ferhyrningslaga stafa- eða lagparket er lagt á hornskakkt gólf, skal deila skekkjunum á fyrstu

og síðustu parketfjöl. Forðast ber að hafa mjóar stafafllisar upp við vegg. Sjá mynd 2.1.1. Ef ekki liggja fyrir ákveðnar óskir um legu stafaparkets skal lagning þess hefjast við lengsta vegg herbergis. Leggja verður parketeiningu eftir snúru og sníða þannig fyrstu einunguna eftir aðlægum vegg, sjá mynd 2.1.1.




**Mynd 2.1.1**

Parketlögn aðlöguð hornskökku herbergi

### 2.1.2 FERNINGSLAGA PARKETEININGAR

Ferningslaga parketeiningar mynda reitamynstur. Best fer á því að við veggina verði veggröðin álíka breið við mótlæga vegg. Þegar herbergið hefur verið mælt og breiddir veggraða,  $a \sim b$  og  $c \sim d$  ákvarðaðar, er merkt rétt horn út frá þeim hlíðum



Reita breidd =  $R a = b$  og  $c = d$

**Mynd 2.1.2**

Byrja skal að leggja nákvæmlega rétt horn úr beinum parketborðum. Með því að mæla nákvæmlega þau mál sem sýnd eru á teikningunni er tryggt að 90° horn fæst. Skorða verður ystu parketeiningarnar út í vegg til að hindra að þær fari úr skorðum við parketlögnina.

sem byrja skal frá, sjá mynd 2.1.2. Parketborðin þurfa að vera bein og hornið nákvæmlega 90°, annars verða reitirnir skakkir og fúgurnar misbreiðar.

### 2.2 UNDIRBÚNINGUR

Bæði gegnheilt stafaparket og lagparket er vélþurrkað í verksmiðju niður í um 7-8% raka. Síðan er búið svo um parketið, að rakastig þess breytist ekki í flutningi. Mikilvægt er að umbúðirnar séu ekki rofnar fyrir en leggja skal parketið eða það er komið í þær aðstæður sem það skal notað við. Ekki má flytja parket í nýbyggingu fyrir en skömmu áður en á að nota það, til þess að forðast raka-skemmdir og að það verði fyrir hnjaski af annarri byggingarstarfsemi. Blanda skal parketi úr mörgum pakkningum saman til að dreifa litar- og vaxtarlýtum. Áður en vinna við parketlögn hefst skal lokið allri vinnu við glugga- og hurðafrágang, auk allrar vinnu sem skapar hættu á að raki komist í parketið. Kynda skal timburhús minnst 6-8 vikur áður en parket er lagt og tryggja að stöðugt rakastig sé fyrir hendi og útbörnun byggingarraka sé að mestu lokið. Þegar gólf eru steipt þarf að tryggja að byggingarraki steypunnar hafi að mestu þornað og það getur tekið langan tíma. Aðgæta skal rakastig með rakamælingu til að forðast mistök. Æskilegt er að raki gólfsins sé ekki yfir 3,5-4% af þunga. Þegar parket er lagt á gólf sem steipt eru ofan á fyllingu, skal leita til sérfróðra aðila um frágang þess.

## 3 NEGLING PARKETS BEINT Á TIMBURBITA EÐA TIMBURGRIND


### 3.1 UNDIRLAGIÐ

3.1.1 Á timburbita og timburgrind má nota stafaparket, parketfjalir eða lagparket. Tryggja verður aðeins að fjarlægð frá miðju á miðju burðarbitanna sé ekki meiri en stífleiki og styrkur parketsins leyfir. Framleiðendur segja venjulega til um hvort endaskeyta megi parketið milli burðarlína.

Venjulega má bil milli burðarlína undir parketi úr 22 mm þykkum parketborðum eða 23 mm lagparketi ekki vera meira en 60 cm. Sé um 22 mm þykkt stafaparket að ræða má bilið milli burðarlína helst ekki vera meira en 40 cm. Að öðru leyti er vísað til leiðbeininga framleiðenda um frágang.

3.1.2 Í timburhúsum getur útbörnun valdið því að gólfbitar vindast, sem aftur veldur gliðnun á endaskeytum parkets. Til að hindra þetta ætti að stífa gólfbita með um 1,50 m millibili. Til afstífginga má nota 21 mm borð sem eru jafnhá og gólfbitarnir, sbr. mynd 3.1.2.


3.1.3 Áður en parketlögn hefst skal gæta að því hvort gólfbitar eða burðargrindur séu í réttu plani. Þetta skal gert með réttsskeið og hallamáli, sjá mynd 3.1.3a. Ójöfnur skal laga með heflun eða fleygum.




**Mynd 3.1.2**  
Stífing bitagólfs

Við samskeyti þurfa gólfbitarnir að vera afrúnaðir. Engin samskeyti eru fullkomlega stíf. Séu gólfbitarnir beygðir niður, rísa bitendarnir og geta valdið gliðnun parketsins ef þeir eru ekki tilhögnir.

3.1.4 Þegar parket er lagt á gólf yfir óupphituðu rými eða kjallara er nauðsynlegt að pappalag með klemmdum skeytum sé lagt undir það. Þegar



**Mynd 3.1.3a**  
Burðarársar réttir af



**Mynd 3.1.3b**  
Bitaenda skal höggva til við skeyti


parketið er lagt ofan á lektur sem liggja á steinsteypu- eða léttsteypuplötu, skal leggja 0,2 mm plastfolú (þolplast) á plötuna undir lektur, nema tryggt sé að gólfíð sé fullþurt og enginn jarðraki geti verið fyrir hendi.

## 3.2 LAGNING


3.2.1 Fyrstu parketfjalirnar eru lagðar með nótahlíðina

að veggnum. Leggja skal snúru til að fá beina línu. Fleyga skal reka til að stöðva parketfjalirnar og tryggja hæfilega rauf, sjá mynd 3.2.1a. Fjarlægð frá öllum veggjum skal vera um 10 mm. Þegar um stóra gólfleti er að ræða er reiknað með 1,5-2,0 mm fyrir hvern lengdarmetra gólfbreiddar eða lengdar.

Oftast er leyfilegt að endaskeyta parketfjalir milli burðarlektar. En tvo parketstafi sem liggja saman má ekki skeyta í sama bili, sjá mynd 3.2.1b. Þar sem aðstæður leyfa að parketið sé lagt í mismunandi lengdum, má nota endasagaðan staf í lok raðar til að byrja á næstu röð. Við notkun eininga sem mynda samloka mynstur í parketgólfinu verður að saga einingar þannig að þær falli inn í mynstrið.




**Mynd 3.2.1a**  
Fleygar til að tryggja bil við vegg




**Mynd 3.2.1b**  
Skeytingu parketstafa víxlað milli bila

3.2.2 Fyrsta röðin er negld föst með dúkkuðum saum eða með saum sem hausinn er klipptur af, rétt innan við nótina. Ef góflistinn hylur ekki naglann er hann dúkkaður með dúkknál. Holan er síðan fyllt með tréfylli. Tappahlíð stafsins er síðan fest með því að negla hana í efra horn tappans sem næsti parketstafur hylur. Naglinn er rekinn með 45-50° horni. Notið dúkknál til að skemma ekki jaðar fjararinnar. Við festingu gegnheils parkets er forborun öruggari til að koma í veg fyrir að parketborðin kloffni. Líma skal öll endaskeyti lagparkets. Parket má aldrei límast við bita eða lektur. Við límskeyti er t.d. lagt pappírsblað milli bita og parkets. Enda-

skeyti verða þéttari með því að spenna út í vegg um leið og tappinn er rekinn í nótna.




**Mynd 3.2.2a**  
Negling og dúkkun



**Mynd 3.2.2b**  
Aðferð til að tryggja þétt endaskeyti


3.2.3 Þegar fyrsta röðin hefur verið lögð, er fyrsti parketstafur annarrar raðar sleginn á sinn stað o.s.frv. Gæta skal þess að endaskeyti víxlist og nægilegt bil verði milli enda og veggjar. Notið afsag til að slá parketið saman. Afsagið skal vera a.m.k. 400 mm langt til að særa ekki kantinn sem slegið er á, sjá mynd 3.2.3.



**Mynd 3.2.3**  
Notið millilegg (afsag) til að hindra kantskemmdir við langinguna

3.2.4 Síðasti parketstafurinn er sniðinn til með því að leggja hann yfir næst síðustu röð. Stutt afsag er notað til að merkja hvar saga skal síðasta stafinn, sjá mynd 3.2.4. Ef tappinn á stafnum er mjórri en það bil sem á að verða milli veggjar og parkets er sagað nokkuð innan við merkið.

Parketstafurinn er negldur upp við vegginn. Naglarnir dúkkaðir og kíttað í holurnar með parketkítta. Allir fleygar og hjálparklossar eru síðan fjarlægðir áður en gólflistar eru negldir.



**Mynd 3.2.4**  
Sniðing síðasta stafsins

## 4 NEGLING OG LÍMING PARKETS OFAN Á KROSSVIÐ EÐA GÓLFBORÐ


### 4.1 UNDIRLAG

4.1.1 Burðarlag er gólf sem nægileg naglfesta er í, t.d. krossviðarplötur eða gömul timburgólf (með eða án gólfduks). Á slík gólf má leggja ýmsar gerðir gegnheils parkets niður í 15 mm þykkt, ennfremur lagparket niður í 10 mm þykkt sem er neglt við undirlagið. Mósaikparket má einnig líma á plötu-gólfið.

4.1.2 Undirlagið verður að vera þurrt og slétt. Laga verður misfellur og laus gólfborð sem valda braki. Sléttleikann verður að kanna með um 1 m langri réttsskeið. Sjáist misfellur í gólfinu sem eru meiri en 2 mm verður að laga þær. Ef undirlagið er úr timbri eða plötum má rétta það af með sparsli og/ eða slípun.

Gólfduka úr linoleum og plasti má einnig sparsla með til þess gerðum efnum. Undirlag af teppum eða vinyflóka má slétta með því að sníða pappu í misfellurnar og leggja hann í lögum eftir þörfum.

4.1.3 Parketfjalir skulu ekki lagðar samsíða gólfborðum í undirlagi. Ef löggun herbergis veldur því að heppilegt er að leggja parketið samsíða gólfborðum undirlagsins, skal fyrst leggja plötur á undirlagið. Þetta verður þó að meta í hverju einstöku tilviki. Ef gólfborðin eru mjó og lítið undir, má sleppa plötunum. Þegar gljúpar plötur eru notaðar má sleppa undirlagspappanum, sjá mynd 4.1.3. Undir reitaparket skal ávallt leggja plötur svo framarlega sem kanthliðar parketsins myndi ekki um 45° horn við undirlagsborðin.



**Mynd 4.1.3**  
Undirgólf með mjúkum viðarplötum sem undirlag fyrir parket

4.1.4 Á tilbúið og afrétt undirgólf er lagt pappa- eða korkpappalag. Pappinn er lagður samsíða parketinu. Korkhliðin á korkpappanum skal snúa niður. Pappinn má ekki skerast á skeytum. Þegar undirlagið er mjúkt teppi, vinylfílt eða mjúkar viðarplötur er pappalagið óþarft.

4.1.5 Negling í spónaplötuundirlag vill gefast misjafnlega. Naglar fá minna hald í spónaplötunum en í krossviði eða gólfborðum. Æskilegt er því að leggja parketfjalirnar hornrétt á gólfbitana til að minnka hættuna á því að naglarnir dragist út. Þetta gerir gólfið stífara og minnkar hættuna á að naglarnir „pumpist“ upp.

## 4.2 LAGNING

Almennt er lagningu parkets lýst í grein 3.2. Hér verður gerð grein fyrir sérstöðu einstakra gerða.

### 4.2.1 LAGPARKET, PARKETFJALIR OG PARKETSTAFIR

Þegar neglt er skal nota heitgalvaniseraðan saum með 0,4 m – 0,6 m millibili. Stærð saums skal fara eftir gerð undirlagsins og þykkt parketsins.

### 4.2.2 MYNSTURSTAFIR


Mynsturstafrir eru negldir eins og parketstafrir. Heppilegt er að bora fyrir nöglunum til að forðast rifur. Lagningin er háð mynsturvalinu. Leggja skal mynstrið vel niður fyrir sér áður en verkið er hafið til að forðast mistök.

### 4.2.3 REITAPARKET

Í grein 2.1.2 er lýst hvernig sníða skal ferningslaga parketeiningar. Til að góður árangur náist þarf hornið að vera nákvæmlega 90° sem byrjað er með og armar hornsins markaðir með snúrum. Hornið er myndað þannig með leiðurum að tappi annarrar hvernar einingar fær pláss, sjá mynd 4.2.3b. Leiðararnir eru síðan negldir niður í undirlagið.


Byrjað er að leggja út frá horninu út eftir hliðunum eins og mynd 4.2.3a sýnir, þannig að viðaræðar eininganna víxlist. Síðan heldur lagningin áfram eftir hornalínu 2, 3 o.s.frv. þannig að skáborðsmynstur myndist, sjá mynd 4.2.3a. Síðasti reitur hvernar raðar er sniðinn til og sleginn á sinn stað (munið eftir 10-15 mm bili við vegginn). Slá skal parketið varlega saman með léttum höggum. Nota skal millilegg og varast þung högg sem geta ríðlað því sem þegar er lagt. Lítið eftir því að

fúgurnar verði þéttar og að öll fjögur hornin sem mætast falli sem best í einum punkti.




**Mynd 4.2.3a**  
Lagning reitaparkets

Reitirnir eru negldir eins og mynd 3.2.2a sýnir í tappann og mynd 4.2.3c í nótna. Einn nagli er rekinn í miðju hvernar tappa- eða nótarhliðar. Meðfram veggjunum er neglt með dúkkuðum saum sem er rekinn á kaf. Sparslað er í holuna með parketkitti. Þegar gólfíð inni í horninu hefur verið lagt, eru leiðararnir fjarlægðir. Áður en síðasta reitaröð er lögð við veggina verður að negla parkethliðina niður í undirgólfið sem hefur legið að leiðaranum. Þegar neglt er í nótna eru notaðir um 10 mm styttri naglar en þegar neglt er í gegnum tappann og gæta þarf þess að skadda ekki nótna svo að erfitt verði að ganga frá veggroðinni. Veggreitirnir eru nú sniðnir með hæfilegu bili milli veggjar og parkets og negldir með lóðréttri neglingu við veggliðina, sjá mynd 3.2.2a.



**Mynd 4.2.3b**  
Leiðarahornið er myndað með bútum ofan á hæfilega þykkar plötur þannig að tappinn á parketinu sleppi undir leiðarabúta



**Mynd 4.2.3c**  
Negling nótarveginn

- 4.2.4 Mósaíkparket er fátítt þar sem sama mynstur fæst með notkun lagparkets. Þessari parketgerð verða því ekki gerð frekari skil.

## 5 PARKET LAGT FLJÓTANDI

### 5.1 UNDIRLAGIÐ

- 5.1.1 Heppilegt parket er lagparket, parketfjalir og parketreitir. Mynsturstafrir og mósaíkparket er einnig nothæft en þá er parketið límt á viðarplötur sem mynda eins konar fljótandi fleka úr þessum parketgerðum. (sjá grein 5.2.4). Fljótandi parket skal eingöngu lagt á undirlag úr krossviði, spónaplötum eða gólfborðum ef nauðsyn krefur vegna hljóðeinangrunar. Sig og þurrkrýrnun undirlagsins getur valdið því að parketið falli misvel að.

- 5.1.2 Algengast héraendis er að leggja parket á steingólf. Þau verða að vera þurr og slétt. Sléttleikinn er metinn með um 1 m langri réttsskeið. Jafna verður ójöfnur sem eru meiri en 2 mm.

Við undirbúningsvinnuna er notað sparsl til afréttingar. Parket dreifir öllu álagi vel og kröfur til afréttingar sparslsins eru því litlar. Ef gólfíð er steipt á fyllingu eða grunur leikur á að rakastig þess sé hátt, skal nota sparsl sem þolir raka. Þegar gólfíð hefur verið jafnað skal leggja rakavarnarlag úr 0,2 mm polyetylendúk (þolplast) sem er vel skaraður á skeytum. Ofan á rakavarnarlagið skal leggja ullarpappa eða korkmulningspappa. Korkmulningspappann skal leggja án skörunar. Korkmulningspappinn gefur bestu einangrun gagnvart skóhljóði og er lagður með korkhliðina niður.

- 5.1.3 Til burðargólfs úr krossviði, spónaplötum og gólfborðum eru gerðar sömu kröfur og gerðar eru á grein 4.1.

### 5.2 LAGNING


Lagningu parkets er lýst í grein 3.2. Hér verður því eingöngu fjallað um það sem er sérstakt fyrir

mismunandi parketgerðir við lagningu fljótandi gólfs.

- 5.2.1 Parketfjalir úr gegnheilum viði skal aðeins líma á endaskeytum. Látið límstrenginn ekki ná nema að horni (skiljið eftir um 20 mm bil), þannig að forðast megi smitun límsins inn á langhliðina við samanreksturinn. Mikilvægt er að hliðarskeyti parketfjalanna límist ekki saman, því það getur valdið því að gólfíð bólgni, vindist eða springi.
- 5.2.2 Lagparket skal líma í heila plötu. Plötueiningarnar skal líma saman á endum og langhliðum með PVA-lími. Nota skal límfloösku með stút. Límið er borið í nóttina. Gæta skal þess að límið hafni ekki allt í nóttarbotni þar sem það gerir lítið gagn. Límið verður að bera á hæfilega mikið því of mikið lím veldur því að erfitt er að slá parketið saman. Þurrka skal límklessur strax af með rökum klút.

### 5.2.3 REITAPARKET

Lagningu er lýst í grein 4.2.3. Reitirnir eru ekki límdir nema síðasti reitur hvers áss sem límist við grannreitina. Þegar búið er að leggja allt gólfíð inni í leiðarahorninu eru leiðararnir fjarlægðir, og síðasta reitaröðin sniðin með hæfilegu bili við vegg og límd föst, sjá mynd 5.2.3.



**Mynd 5.2.3**

Allir reitir við vegg skulu límdir hver við annan og við næstystu reitina og mynda þannig ramma um gólfíð


### 5.2.4 MYNSTURSTAFUR EÐA MÓSAÍKPARKET

Þegar þessar gerðir eru lagðar fljótandi skal byggja fleka úr viðarplötum sem parketið er límt ofaná.


## 6 DEILILAUSNIR

### 6.1 RÖR

Þegar leggja skal parket utan um rör eða þess háttar er borað gat í parketeininguna sem er



**Mynd 6.1a**  
Tekið úr parketi fyrir röri




**Mynd 6.1b**  
Úrtaka fyrir röri er hulin með kruga


minnst 15 mm stærra en þvermál rörsins. Sá hluti parketeiningarinnar sem lendir bak við rörið er sagaður burt, þannig að hægt sé að leggja hann aftur að einingunni, sjá mynd 6.1a.

## 6.2 JAFAR


Þar sem parket mætir gólfefni annars herbergis, stiga, flísafleti eða þess háttar, verður að tryggja parketinu hreyfimöguleika. Þensluraufina má gera á mismunandi hátt, með felulista, korkstrimli eða með hjálp þéttiefnis, sjá mynd 6.2a, b og c. Við val



**Mynd 6.2a**  
Þar sem parket og flísar mætast skal vera þenslurauf. Fúguna má fylla með þéttiefni eða korkmassa eftir aðstæðum



**Mynd 6.2b**  
Sýnir parket við stiga, þar skal koma þenslurauf. Fúguna má þétta með einhverju fjaðrandi efni t.d. korki eða þéttiefni




**Mynd 6.2c**  
Þar sem tvennskona gólfefni mætast má hylja fúguna með plastlista

þéttiefnis skal taka tillit til umgangs o.þ.h. Velja skal fjaðurmagnað þéttiefni.

## 6.3 GÓFLISTAR

Góflistar þurfa að vera nægilega þykkir til að hylja þensluraufina við vegginn og helst ystu naglana, sjá mynd 6.3a. Oft getur sóplisti við góflistann hulið vel þensluraufina, sjá mynd 6.3b. Veggpanell eða múrhúð skal ekki ná neðar en svo að parketið geti þanist inn undir. Kverklista skal festa við vegg en ekki gólf, annars hindra þeir hreyfingu parketsins.




**Mynd 6.3a**  
Góflisti fyrir sérstaklega breiða þenslurauf. Gólfíð getur þanist inn undir múrhúðina


**Mynd 6.3b**  
Venjulegur góflisti með sóplista

## 6.4 Á LEKTUM

Í kjallara getur verið mikilvægt að lofta undir parketið. Listar við aðlæga veggj verða þá að tryggja nægar loftrásir. Myndir 6.4a og b sýna lausnir sem uppfylla þessi skilyrði.



**Mynd 6.4a**  
Loftun við panel



**Mynd 6.4b**  
Góflisti með raufum fyrir loft

## 7 FRÁGANGUR

### 7.1 HLÍFÐ

Þegar parket hefur verið lagt er það þakið sterkum pappa og skeyti hans límd saman. Öllu múrverki skal vera lokið áður en parketlögnin fer fram. Ef samt er nauðsynlegt að múra eftir það verður að gæta ýtrustu varfærni. Kalk veldur blettum á ólökkuðu eða grunnuðu parketi. Flekkirnir sjást stundum ekki fyrr en eftir að lakkað hefur verið. Auk þess er alltaf raki samfara múrverki. Hvort þekja skal parketið fyrir eða eftir slípun og lökkun



verður að ákveða í hverju einstöku tilfalli. Lakkið verður þó að fá að þorna algjörlega áður en breitt er yfir það, ef sú vinnuröð er viðhöfð.

## 7.2 SLÍPUN

Lagparket, reitaparket og parketfjalir koma oftast lakkaðar frá framleiðanda og skal það því ekki slípað. Ólakkað parket þarf oftast sáralitla slípun þar sem fjöður og nót eru svo nákvæmlega gerðar að brúnir verða óverulegar. Ef slípun er eigi að síður nauðsynleg, er slípað samsíða viðaræðnum með fínum sandpappír, nr. 80-100. Parket með verulegum brúnum og mósaíparket er grófslípað tvisvar í hornalínustefnu en síðan fínslípað samsíða viðaræðum.

## 7.3 YFIRBORÐSMEDHÖNDLUN

7.3.1 Parket er selt mismunandi mikið lakkað. Sumt er aðeins grunnað, en annað er með allt upp í 8 lakkumferðir. Parket sem framleiðandi telur fulllakkað þarfnast ekki frekari lökkunar. Til að loka skeytum og laga smárispur og sár er samt æskilegt að bera lokaumferð af lakki á parketið áður en farið er að ganga á því. Þegar notað er annað lakk en framleiðandi parketsins ráðleggur, skal fyrst kanna hvort það binst við lakkið sem fyrir er eða „sýður“ við snertinguna. Þetta er einfaldlega prófað með því að bera lakkið á afsag.

### 7.3.2 ÓLAKKAÐ PARKET

Oftast er það gegnheilt parket sem afhent er ólakkað til notenda. Við val lakks verður viðkomandi að gera sér grein fyrir að sumar lakkgerðir hafa svo mikil límáhrif á parketstafina að þeir geta límst saman. Rakabreytingar í illa þurru parketi geta þá leitt til þess að stórar opnar fúgur myndist á stöku stað. Sterkustu og slitþolnustu lökkin hafa einnig mestu límvirknina.

## 8 VIÐHALD

### 8.1 HREINSUN

Jafnvel á vel lökkuðum parketgólfum eru smásprungur í lakkinu – m.a. í parketfúgunum – þar sem þvottavatn getur smogið niður. Gætið því hófs í vatnsnotkun þegar gólfið er þvegið. Ryksugun og afþurrkun ásamt þvotti með vel undnum klút af og til er nægileg hreingerning við venjulegar aðstæður. Einstaka sinnum skal þó nota þvottaefni til að gólfið fái æskilegt útlit. En tíð notkun sterkra þvottaefna getur dregið úr endingu lakksins. Salmíak eða þvottaefni sem innihalda salmiak upplita tréverk.

Nota má „white spirit“ (terpentínu) til að fjarlægja slæma fitubletti. Ekki er ráðlegt að bóna parketgólf. Bónið er erfitt að fjarlægja fyrir lökkun og oft verður það ekki gert nema með véslípun.

### 8.2 LÖKKUN

Lökkuð gólf slitna mest í göngum, dyrum o.s.frv. Lakka þarf gólfið áður en slit nær gegnum lakkhúðina, annars getur véslípun verið nauðsynleg til að gólfið fái gott útlit á ný. Hins vegar er ekki rétt að lakka of oft því þykk lakkhúð vill springa og flagna. Gólfið skal annað hvort blettast eða heillakkað eftir að rispur og smásár hafa verið löguð. Nota skal ávallt sömu lakkgerð.

### 8.3 SLÍPUN

Parketgólf lætur á sjá í tímans rás og skemmist vegna upplitar og áverka ýmiss konar. Gólfið má endurnýja með véslípun. Hver slípun þynnir gólfið um 0,2-0,3 mm. Parketgólf má því slípa 4-5 sinnum án þess að hætta sé á að slípa gegnum eðaltré lagparkets sem myndar slitlag þess. Gegnheilt parket má einnig slípa jafnoft.

Yfirborðsmedhöndlun slípaðs parketgólfs er hin sama og á nýju parketi. Ef til vill hefur gólfið verið bónað eða fægt með fægilög sem inniheldur silikon eða þess háttar efni sem hafa náð að smjúga inn í viðinn. Slípun nægir þá ekki til að fjarlægja þessi efni. Af þessum orsökum er rétt að lakka dálítinn blett parketsins til reynslu. Ef silikon eða þess háttar efni eru í viðnum verður lakkaður flötur líkastur tungllandslagi. Þetta útlit breytist ekki við fleiri lakkumferðir. Við slíkar aðstæður verður að blanda í lakkið efni sem eyða áhrifum silikonsins („fish eye eliminator“).

## 10 HEIMILD

Norges byggforskningsinstitut  
Byggdetaljer A 541.505.

EFTIRPRENTUN ÓHEIMIL

